

## Tilkynning um breytingu á greiðslu fatapeninga og uppsögn umframkjara

Reykjanesbær tilkynnir um breytingu á fyrirkomulagi á greiðslu fatapeninga sem taka gildi 1. apríl 2023.

Reykjanesbær er bundinn af kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍ) gerir við stéttarfélög fyrir hönd sveitarfélagsins. Reykjanesbær er ekki skuldbundinn af greiðslu fatapeninga umfram ákvæði kjarasamninga, hvorki varðandi upphæðir né ákvæði um starfsstéttir og segir hér með öllum slíkum umframkjörum upp með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 31. desember 2022.

Tilgangur breytinga á greiðslu fatapeninga er þrennskonar:

- Að samræma upphæðir og fyrirkomulag milli starfshópa, en í núverandi kerfi eru ekki allir með sömu fatapeninga þrátt fyrir sömu ákvæði kjarasamninga – það er nauðsynlegt m.a. vegna jafnlaunavottunar.
  - Að einfalda utanumhald við greiðslu fatapeninga og launavinnslu og tryggja að allir starfsmenn fái sannarlega þau réttindi sem samningar eiga að tryggja þeim.
  - Að fara að lögum um hlunnindamat á fatnaði.
1. Reykjanesbær hefur undanfarin ár endurgreitt útlagðan kostnað starfsmanna vegna starfsmannafatnaðar eða heimilað starfsmönnum að kaupa starfsmannafatnað gegn útgefinni beiðni á kostnað sveitarfélagsins. Þessu fyrirkomulagi verður hætt frá og með 31. mars 2023.
  2. Núverandi fyrirkomulag á endurgreiðslu útlagðs kostnaðar vegna kaupa á borgaralegum fatnaði er á skjön við ákvæði kjarasamninga sem gerir ráð fyrir tveimur leiðum:
    - Að sveitarfélagið leggi starfsmönnum til merktan einkennisfatnað (Reykjanesbær fer almennt ekki þessa leið)
    - Eigi starfsmenn að vera í borgaralegum fatnaði (á við um flesta hjá Reykjanesbæ) skal greiða ákveðna upphæð ofan á hverja unna klukkustund – sú upphæð er núna 20,91 kr. Fjárhæðin skal breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu fatnaðarliðar (031) í vísitölu neysliverðs.
      - Nokkrir starfshópar hjá Reykjanesbæ hafa fengið sína fatapeninga greidda með þessum hætti um langt skeið og ætlum við að færa alla starfsmenn sem rétt eiga á fatapeningum fyrir not á borgaralegum fatnaði í þessa leið til samræmingar.
  3. Megin stefna Reykjanesbæjar er að starfsmenn sinni störfum þar sem því verður viðkomið í borgaralegum fatnaði. Það er mat sveitarfélagsins að starfsmenn sjálfir best til þess fallnir að velja þann fatnað sem mest er viðeigandi og hentar bæði starfsemi og starfsmanninum.
    - Bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum 29. desember 2022 plagg sem ber heitið „Stefna og reglur Reykjanesbæjar varðandi greiðslu fatapeninga“ þar sem þetta verklag er staðfest.
  4. Þar sem störf krefjast sérstaks einkennisfatnaðar mun Reykjanesbær leggja starfsmönnum til viðeigandi fatnað skv. ákvæðum viðeigandi kjarasamninga.
  5. Reykjanesbær mun eins og áður, leggja starfsmönnum til hlífðar- og sýnileikafatnað og persónuhlífar við þau störf sem þarfnast slíks skv. ákvæðum laga og kjarasamninga.
  6. Áralengt samkomulag hefur verið um að störf faglærðra og ófaglærða starfsmanna á leikskólum sveitarfélagsins njóti umframkjara varðandi fatapeninga þar sem sérstaklega reynir á borgaralegan fatnað starfsmanna við umönnun ungra barna á bæði inni- og útisvæðum. Reykjanesbær

telur áfram að þær aðstæður, sem þessir starfsmenn starfi við, reyni meira á borgaralegan fatnað þeirra en annarra. Skulu því allir starfsmenn leikskóla, utan leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, fá greidda fatapeninga sem nemur tvöfaldri upphæð sem nefnd er í Kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og VSK/STFS, greiddir á hverja unna klst.

- Ákvæði þetta er ekki fordæmisgefandi fyrir aðra starfshópa.

7. Áhrif á starfsmenn:

- Einhverjir starfshópar hafa notið umframkjara í fatapeningum. Því er hér með hætt (nema í leikskólum eins og áður er getið).
- Starfsmenn í hlutastörfum fengu ýmist hálfa eða fulla fatapeninga í núverandi kerfi eftir því hvort um var að ræða 50% starfshlutfall eða minna, eða 51% starfshlutfall eða meira. Nú munu starfsmenn fá fatapeninga í sama hlutfalli og starfshlutfall þeirra er í hverjum mánuði.
  - Starfsmenn geta sjálfir áætlað fatapeninga m.v. núverandi forsendur með því að margfalda mánaðarlegan tímafjölda með upphæð fatapeninga, sem er núna 20,91 kr. á hverja unna klukkustund, og margfalda svo með mánuðum utan sumarorlofs til að sjá fatapeningagreiðslur á ársgrundvelli.
- Starfsmenn hafa hingað til ekki greitt skatt af fatapeningum eins og um merktan einkennisfatnað væri að ræða, en meta skal fatapeninga fyrir borgaralegan fatnað sem hlunnindi og greiða af því staðgreiðslu.

8. Þetta fyrirkomulag mun taka að fullu gildi 1. apríl 2023. Núverandi kjarasamningur rennur út 31. mars 2023.

Reykjanesbæ 30.12.2022

Kjartan Már Kjartansson  
bæjarstjóri Reykjanesbæjar